

LÖG

um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum (auglýsingar).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. og 2. másl. 2. mgr. 14. gr. laganna orðast svo: Í lyfjaauglýsingu skal tilgreina nafn markaðsleyfishafa, heiti lyfs, virk efni og helstu ábendingar og frábendingar er varða notkun hlutaðeigandi lyfs. Upplýsingar um pakkningastærðir, verð, stærð skammta og helstu atriði önnur um notkun og aukaverkanir skal tilgreina í lyfjaauglýsingunni eða birta vísun á fylgi-seðil með lyfinu og/eða samantekt á eiginleikum lyfsins á vef Lyfjastofnunar.

2. gr.

2. másl. 1. mgr. 16. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 2015.

Gjört á Bessastöðum, 8. júlí 2015.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Kristján Þór Júlíusson.